

## ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1600/2002/EB

2008/EES/36/07

frá 22. júlí 2002

## um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup> á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 1. maí 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hreint og heilnæmt umhverfi er nauðsynlegt fyrir velsæld og hagsæld samfélagsins en áframhaldandi hagvöxtur á heimsvísu mun þó leiða til aukins álags á umhverfið.
- 2) Fimmta aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála „Fram til sjálfbæriss“, sem lauk 31. desember 2000, leiddi til nokkurra mikilvægra úrbóta.
- 3) Áframhaldandi áttak er nauðsynlegt til að almennum og sértækum markmiðum í umhverfismálum, sem Bandalagið hefur þegar sett, verði náð og þörf er fyrir sjöttu aðgerðaáætlunina á sviði umhverfismála („áætlunin“) sem sett er fram í þessari ákvörðun.
- 4) Nokkur alvarleg umhverfisvandamál eru viðvarandi og ný vandamál, sem krefjast frekari aðgerða, skjóta upp kollinum.
- 5) Nauðsynlegt er að leggja aukna áherslu á forvarnir og framkvæmd varúðarreglunnar við mótun leiða til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.
- 6) Varfærnisleg nýting náttúruauðlinda og verndun vistkerfis heimsins, ásamt með efnahagslegri hagsæld og jafnvægi í félagslegri þróun, eru skilyrði fyrir sjálfbærri þróun.
- 7) Áætlunin miðar að því að tryggja öfluga umhverfis- og heilsuvernd og að almennar úrbætur verði gerðar í umhverfismálum og lífsgæði aukin; í henni er forgangsröðun fyrir umhverfisþátt áætlunarinnar um sjálfbæra þróun tilgreind og ber að taka tillit til hennar þegar lagðar verða til aðgerðir samkvæmt þeirri áætlun.
- 8) Áætlunin miðar að því að rjúfa tengslin milli álags á umhverfið annars vegar og hagvaxtar hins vegar en virða á sama tíma dreifræðisregluna og fjölbreytilegar aðstæður á hinum ýmsu svæðum Evrópusambandsins.
- 9) Í áætluninni eru tilgreindar forgangsaðgerðir Bandalagsins í umhverfismálum þar sem athyglinni er einkum beint að loftslagsbreytingum, náttúru og líffræðilegri fjölbreytni, umhverfi og heilbrigði og lífsgæðum, og náttúruauðlindum og úrgangi.
- 10) Almenn meginmarkmið og tiltekin sértæk markmið eru tilgreind fyrir hvert þessara sviða og fjöldi aðgerða er skilgreindur í því skyni að ná fyrrnefndum markmiðum. Þessi markmið teljast vera viðmiðanir eða árangur sem stefna ber að.
- 11) Markmið áætlunarinnar, forgangsverkefni hennar og aðgerðir skulu stuðla að sjálfbærri þróun í umsóknarlöndunum og í þeim skal leitast við að tryggja verndun náttúruauðlinda þessara landa.
- 12) Löggjöf gegnir áfram mikilvægu hlutverki við að takast á við krefjandi verkefni í umhverfismálum og nákvæm og rétt framkvæmd núverandi löggjafar er forgangsatrúði. Einnig skal huga að öðrum valkostum til að ná fram markmiðum í umhverfismálum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 55, 1.3.2005, bls. 35. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2005 frá 21. október 2005 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 4, 19.1.2006, bls. 6.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 218.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 221, 7.8.2001, bls. 80.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 357, 14.12.2001, bls. 44.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 31. maí 2001 (Stjtið. EB C 47 E, 21.2.2002, bls. 113), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. september 2001 (Stjtið. EB C 4, 7.1.2002, bls. 52) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. janúar 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. maí 2002 og ákvörðun ráðsins frá 11. júní 2002.

- 13) Áætlunin skal stuðla að því að umhverfisstærðarmíð verði, í samræmi við 6. gr. sáttmálans, felld inn í öll stefnumál og starfsemi Bandalagsins til að draga úr álagi á umhverfið úr ýmsum áttum.
- 14) Þörf er á stefnumótandi, samþættri nálgun sem felur í sér nýjar leiðir í samvinnu við markaðinn, með þátttöku borgaranna, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila, til að fá fram nauðsynlegar breytingar á bæði framleiðslu og neyslumynstri hins opinbera og einkaaðila sem hafa neikvæð áhrif á ástand og þróun umhverfisins. Þessi nálgun á að hvetja til sjálfbærrar nýtingar og stjórnunar á landi og sjó.
- 15) Til að áætlunin skili árangri er mikilvægt að veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál og að réttlátri málsmeðferð og að almenningur taki þátt í stefnumótuninni.
- 16) Valkostirnir og tækin til að glíma við fjölda flókinna úrlausnarefna, sem krefjast nálgunar á breiðum og fjölvíddarlegum grunni, verða tekin fyrir í þemaáætlunum þar sem lagðar verða til nauðsynlegar aðgerðir með þátttöku Evrópuþingsins og ráðsins, eftir því sem við á.
- 17) Vísindamenn eru almennt á einu máli um að umsvif mannsins valdi auknum styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu sem leiði til hlýnunar í heiminum og röskunar á veðurfarinu.
- 18) Loftslagsbreytingar hafa alvarleg áhrif á samfélag manna og náttúruna og nauðsynlegt er að draga úr þeim. Hægt er að grípa til ráðstafana til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda án þess að það dragi úr hagvexti og hagsæld.
- 19) Án tillits til þess hvort þessar aðgerðir til að draga úr áhrifum bera árangur verður samfélagið að laga sig að og búa sig undir áhrif loftslagsbreytinga.
- 20) Forsenda þess að líf þrífist á jörðinni er að náttúruleg kerfi séu heilbrigð og í jafnvægi.
- 21) Umsvif mannsins valda umtalsverðu álagi á náttúru og líffræðilega fjölbreytni. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að vinna gegn álagi sem stafar einkum af mengun, aðflutningi utanaðkomandi tegunda, hugsanlegri áhættu af því að sleppa erfðabreyttum lífverum og af því hvernig land og haf eru hagnýtt.
- 22) Jarðvegur er takmörkuð auðlind sem er undir álagi frá umhverfinu.
- 23) Þrátt fyrir úrbætur á umhverfisstöðlum eru auknar líkur á að tengsl séu milli hnignunar umhverfisins og ákveðinna sjúkdóma í mönnum. Þess vegna ber að fjalla um
- hugsanlega áhættu sem stafar t.d. af losun og hættulegum efnum, varnarefnum og hávaða.
- 24) Þörf er á aukinni vitneskju um hugsanleg, neikvæð áhrif iðefnanotkunar og skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur (downstream users) vera ábyrgir fyrir því að skapa þá þekkingu.
- 25) Í stað hættulegra iðefna skulu koma öruggari iðefni eða önnur öruggari tækni sem kallar ekki á notkun iðefna, í þeim tilgangi að draga úr áhættu fyrir menn og umhverfi.
- 26) Varnarefni skal nota á sjálfbæran hátt til að draga eins og framast er kostur úr neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið.
- 27) Um það bil 70% íbúa búa í þéttbýli og þörf er á samræmdu átaki til að tryggja betra umhverfi og auka lífsgæði í bæjum og borgum.
- 28) Jörðin hefur takmarkaða getu til að mæta aukinni ásókn í náttúruauðlindir og til að taka við losun og úrgangi sem hlýst af notkun þeirra og vísbendingar eru um að núverandi ásókn sé meiri en sem nemur álagspoli umhverfisins (carrying capacity) í mörgum tilvikum.
- 29) Magn úrgangs í Bandalaginu eykst sífellt og umtalsverður hluti hans er hættulegur sem leiðir til þess að auðlindir glatast og hættan á mengun eykst.
- 30) Hnattvæðing efnahagslífsins þýðir að siaukin þörf er á aðgerðum í umhverfismálum á alþjóðavettvangi, þ.m.t. stefnumál í flutningamálum, sem kalla á ný viðbrögð af hálfu Bandalagsins í tengslum við stefnu þess í viðskiptum, þróunar- og utanríkismálum sem gera öðrum löndum kleift að stefna að sjálfbærri þróun. Góðum stjórnarháttum ber að stuðla að því að svo verði.
- 31) Ástæða er til að viðskipti, alþjóðlegt flæði fjárfestinga og útflutningslán leggi meira af mörkum til verndunar umhverfisins og sjálfbærrar þróunar.
- 32) Þar sem umhverfismál eru flókin þarf stefnumörkun í þeim málaflokki að byggjast á besta fánlega vísindalega og efnahagslega mati og á þekkingu á ástandi umhverfisins og á þróun í umhverfismálum, í samræmi við 174. gr. sáttmálans.
- 33) Upplýsingar til stefnumótenda, hagsmunaaðila og almennings skulu eiga við, vera gagnsæjar, uppfærðar og auðskiljanlegar.
- 34) Mæla þarf og meta árangurinn við að ná fram markmiðum í umhverfismálum.

35) Á grundvelli mats á ástandi umhverfisins, þar sem tekið er tillit til reglubundinna upplýsinga frá Umhverfisstofnun Evrópu, ber að endurskoða þann árangur sem náðst hefur þegar gildistími áætlunarinnar er hálfnaður og meta þörfina á stefnubreytingu.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Gildissvið aðgerðaáætlunarinnar

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála (hér á eftir nefnd „áætlunin“). Hún fjallar um meginmarkmið og forgangsaðgerðir í umhverfismálum sem byggjast á mati á ástandi umhverfisins og ríkjandi þróun, þ.m.t. ný mál þar sem nauðsynlegt er að Bandalagið hafi forystu. Áætluninni ber að stuðla að því að fella umhverfissjónarmið inn í öll stefnumál Bandalagsins og stuðla að sjálfbærri þróun í Bandalaginu í núverandi mynd og í stækkuðu Bandalagi í framtíðinni. Í áætluninni er enn fremur kveðið á um stöðuga viðleitni til að ná þeim almennu og sértæku markmiðum í umhverfismálum sem Bandalagið hefur þegar sett.

2. Í áætluninni eru sett fram þau meginmarkmið í umhverfismálum sem á að ná. Í henni eru fastsett, þar sem við á, sértæk markmið og tímaáætlanir. Almennu og sértæku markmiðin ber að uppfylla áður en áætluninni lýkur, nema annað sé tekið fram.

3. Áætlunin skal standa yfir í tíu ár frá 22. júlí 2002 að telja. Viðeigandi framtaksverkefni í mismunandi málaflokkum til að ná fram markmiðunum skulu fela í sér margvíslegar ráðstafanir, þ.m.t. lögjöf og stefnumótandi aðferðir sem settar eru fram í 3. gr. Leggja ber þessi framtaksverkefni fram í áföngum og eigi síðar en fjórum árum eftir samþykkt þessarar ákvörðunar.

4. Með markmiðunum er brugðist við meginforgangsverkefnum í umhverfismálum sem Bandalaginu ber að uppfylla á eftirtöldum sviðum:

- loftslagsbreytingum,
- náttúru og líffræðilegri fjölbreytni,
- umhverfismálum og heilbrigði og lífsgæðum,
- náttúruauðlindum og úrgangi.

##### 2. gr.

#### Meginreglur og heildarmarkmið

1. Þessi áætlun myndar ramma fyrir umhverfisstefnu Bandalagsins á gildistíma áætlunarinnar með tilliti til þess að tryggja viðtæka vernd, að teknu tilliti til dreifræðisreglunnar og margbreytilegra aðstæðna á hinum ýmsu svæðum Bandalagsins, og að rjúfa tengslin á milli álags á umhverfið og

hagvaxtar. Hún skal einkum byggjast á mengunarbótareglunni, varúðarreglunni og reglunni um að ráðast gegn mengun við upptök hennar.

Áætlunin skal leggja grunn að umhverfisþætti Evrópustefnunnar um sjálfbæra þróun og stuðla að því að fella umhverfissjónarmið inn í öll stefnumál Bandalagsins, m.a. með því að setja fram forgangsverkefni í umhverfismálum fyrir stefnuna.

2. Markmið áætlunarinnar er:

— að leggja áherslu á að loftslagsbreytingar eru eitt mikilvægasta verkefni næstu tíu ára og þar á eftir og stuðla að því að ná því langtímamarkmiði að viðhalda styrk gróðurhúsa-lofttegunda í andrúmsloftinu í jafnvægi til að koma megi í veg fyrir hættulegar veðurfarsbreytingar af mannavöldum. Áætlunin skal því stjórna af því langtímamarkmiði að hlýnun á heimsvísu verði ekki meiri en 2 gráður á selsíus miðað við tímabilið fyrir iðnbýltinguna og að styrkur koltvísýrings (CO<sup>2</sup>) í andrúmslofti verði minni en 550 hlutar af milljón. Þegar til lengri tíma er litið má búast við að draga þurfi úr losun gróðurhúsalofttegunda um 70% miðað við árið 1990 eins og milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar (IPCC) hefur skilgreint,

— að vernda, varðveita, endurheimta og þróa starfsemi náttúrulegra kerfa, náttúrulegra búsvæða, villtra plantna og dýra í þeim tilgangi að stöðva gróðureyðingu og minnkandi líffræðilega fjölbreytni, þ.m.t. fjölbreytni erfðaauðlinda, bæði í Evrópusambandinu og á heimsvísu,

— að stuðla að miklum lífsgæðum og félagslegri vellíðan borgaranna með því að veita aðgang að umhverfi þar sem mengun leiðir ekki til skaðlegra áhrifa á heilbrigði manna og umhverfið og með því að hvetja til sjálfbærrar þróunar í þéttbýli,

— betri nýting auðlinda og betri stjórnun auðlinda og úrgangs til að koma á sjálfbærari framleiðslu- og neyslumynstrum og rjúfa með því tengslin milli auðlindanotkunar og myndunar úrgangs annars vegar og hagvaxtarstigsins hins vegar og stefna að því að nýting endurnýjanlegra og óendurnýjanlegra auðlinda verði ekki meiri en sem nemur álagsþoli umhverfisins.

3. Áætlunin skal tryggja að umhverfismarkmiðin, sem leggja eiga sérstaka áherslu á þann árangur í umhverfismálum sem ber að ná, séu uppfyllt með þeim tiltæku ráðum sem eru skilvirkust og eiga best við í ljósi meginreglnanna sem settar eru fram í 1. mgr. og stefnumótandi aðferðanna sem settar eru fram í 3. gr.

Leggja ber áherslu á að tryggja að stefna Bandalagsins í umhverfismálum sé framkvæmd á samþætta hátt og að hugað sé að öllum tiltækum valkostum og tækjum, að teknu tilliti til staðar- og svæðisbundins mismunar, svo og vistfræðilega viðkvæmra svæða, með áherslu á:

- þróun evrópskra framtaksverkefna í því skyni að efla vitund borgara og staðaryfirvalda,

- viðtæk skoðanaskipti við hagsmunaaðila, vitundarvakningu í umhverfismálum og þátttöku almennings,
- greiningu á ávinningi og kostnaði, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að fella inn umhverfiskostnað,
- bestu tiltæku vísindarannsóknir og frekari eflingu vísindapekkingar með rannsóknum og tækniþróun,
- gögn og upplýsingar um ástand umhverfisins og þróun í umhverfismálum.

4. Áætlunin skal stuðla að því að kröfur um verndun umhverfisins verði felldar inn í öll stefnumál og aðgerðir Bandalagsins með því að setja markmið í umhverfismálum og, þar sem við á, sértæk markmið og tímaáætlanir sem taka ber tillit til í viðeigandi málaflokkum.

Enn fremur skulu aðgerðir, sem lagðar eru til og samþykktar í þágu umhverfisins, vera í samræmi við markmið efnahags- og félagslegra þátta sjálfbærrar þróunar og öfugt.

5. Með áætluninni skal stuðlað að því að samþykkt verði stefnumál og aðferðir sem ýta undir sjálfbæra þróun í löndunum sem hafa sótt um aðild („umsóknarlöndin“) og skal hún byggja á lögleiðingu og framkvæmd réttarreglnanna. Í stækkunarferlinu ber að viðhalda og vernda umhverfisauð umsóknarlandanna, s.s. ríkulega líffræðilega fjölbreytni, og jafnframt ber að viðhalda og styrkja mynstur sjálfbærrar framleiðslu, neyslu og landnotkunar, svo og umhverfisvæn samgöngumannvirki:

- með því að fella kröfur um verndun umhverfisins inn í áætlanir Bandalagsins, þ.m.t. þær sem tengjast þróun grunnvirkja,
- með því að efla miðlun hreinnar tækni til umsóknarlandanna,
- með viðtækum skoðanaskiptum við stjórnvöld og sveitarstjórnir umsóknarlandanna og miðlun reynslu um sjálfbæra þróun og varðveislu umhverfisauðs þeirra,
- með samvinnu við borgarlegt samfélag, frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála (NGO) og atvinnulífð í umsóknarlöndunum til að efla vitund og þátttöku almennings,
- með því að hvetja alþjóðlegar fjármálastofnanir og einkageirann til að styðja að réttarreglum í umhverfismálum sé komið til framkvæmda og að farið sé að þeim í umsóknarlöndunum og til að taka tilhlýðilegt tillit til samþættingar umhverfissjónarmiða og starfsemi atvinnuveganna.

6. Í áætluninni skal ýtt undir:

- jákvætt og uppbyggilegt hlutverk Evrópusambandsins sem leiðandi samstarfsaðila í verndun umhverfisins í hnattrænu tilliti og í viðleitinni við að ná fram sjálfbærri þróun,

- þróun samstarfs á heimsvísu á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar,
- samþættingu umhverfissjónarmiða og umhverfismarkmiða og allra þátta samskipta Bandalagsins við önnur ríki.

3. gr.

### Stefnumótandi aðferðir til að ná umhverfismarkmiðum

Vinna skal að markmiðunum sem eru sett fram í áætluninni með þeim aðferðum sem eru tilgreindar hér á eftir:

1. Móta nýja löggjöf Bandalagsins og breyta núverandi löggjöf, ef við á.
2. Hvetja til skilvirkari framkvæmdar og fullnustu löggjafar Bandalagsins um umhverfismál og með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar til að hefja málsmeðferð vegna brota. Þetta krefst:
  - aukinna ráðstafana til að efla virðingu fyrir reglum Bandalagsins um verndun umhverfisins og umfjöllun um brot á umhverfislöggjöfni,
  - að stuðlað verði að bættum stöðlum við leyfisveitingar, skoðanir, eftirlit og framfylgd af hálfu aðildarríkjanna,
  - kerfisbundnari endurskoðunar á beitingu umhverfislöggjafarinnar í aðildarríkjunum,
  - bættrar miðlunar upplýsinga um bestu starfsvenjur við framkvæmdina, þ.m.t. um Evrópunetið fyrir framkvæmd og framfylgd umhverfislöggjafar (IMPEL-netið) innan ramma heimilda þess.
3. Þörf er á frekari aðgerðum til að fella kröfur um umhverfisvernd inn í undirbúning, skilgreiningu og framkvæmd stefnumála og starfsemi Bandalagsins í mismunandi málaflokkum. Frekari aðgerðir eru nauðsynlegar innan ýmissa geira, þ.m.t. að íhuga almenn og sértæk markmið þeirra, tímaáætlanir og vísa um umhverfið. Þetta krefst:
  - að tryggt verði að samþættingarstefnan sem ráðið hefur skilgreint í mismunandi málaflokkum leiði til árangursríkra aðgerða og stuðli að framkvæmd umhverfismarkmiða áætlunarinnar,
  - umfjöllunar um það, áður en þær eru samþykktar, hvort aðgerðir á sviði efnahags- og félagsmála stuðli að og séu í samræmi við markmið, stefnumið og tímaramma áætlunarinnar,
  - að komið verði á viðeigandi, reglubundnum innri aðferðum í stofnunum Bandalagsins, þar sem tekið er fullt tillit til nauðsynjar þess að efla gagnsæi og aðgang að upplýsingum, við að tryggja að umhverfissjónarmið endurspeglar til fulls í stefnumarkandi frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. í viðeigandi ákvörðunum og lagafrumvörpum,
  - reglulegs eftirlits með hjálp viðeigandi vísa sem eru mótaðir, þar sem unnt er, á grundvelli sameiginlegrar aðferðafræði fyrir hvern geira, og skýrslugjöf um samþættingarferli einstakra geira,

- frekari samþættingar umhverfisviðmiðana og fjármögnunaráætlana Bandalagsins, með fyrirvara um núverandi áætlanir,
  - fullrar og árangursríkrar notkunar og framkvæmdar mats á umhverfisáhrifum og skipulegs umhverfismats,
  - að tekið verði tillit til markmiða áætlunarinnar við framtíðarendurskoðun fjárhagsáætlana fyrir fjármálagerninga Bandalagsins.
4. Stuðla ber að sjálfbæru framleiðslu- og neyslumynstri með árangursríkri framkvæmd meginreglnanna sem settar eru fram í 2. gr. og með því að fella inn í neikvæð jafnt sem jákvæð áhrif á umhverfið með ýmiss konar stjórnækjum, þ.m.t. markaðs- og efnahagslegar aðferðir. Þetta krefst m.a.:
- að hvatt verði til umbóta á styrkjum sem hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið og eru ósamrýmanlegir sjálfbærri þróun, m.a. með því að gera skrá, við endurskoðun á miðju tímabilinu, yfir viðmiðanir sem gera kleift að skrá slíka styrki, sem hafa neikvæð áhrif á umhverfið, í því skyni að afnema þá í áföngum,
  - að greint verði hversu hagkvæm framseljanleg umhverfisleyfi og viðskipti með losunarheimildir eru umhverfinu sem almenn stjórnækni í því skyni að stuðla að og hrinda notkun þeirra í framkvæmd þar sem því verður við komið,
  - að stuðlað verði að og hvatt til þess að ráðstöfunum í skattamálum verði beitt, s.s. umhverfistengdum sköttum og ívilnunum, á viðeigandi vettvangi innanlands eða í Bandalaginu,
  - að stuðlað verði að því að kröfur um umhverfisvernd verði felldar inn í vinnu við gerð staðla.
5. Bæta samstarf við fyrirtæki og samtök þeirra, með aðkomu aðila vinnurmarkaðarins, neytenda og samtaka þeirra, eftir því sem við á, í því skyni að bæta árangur fyrirtækja í umhverfismálum og stefna að sjálfbæru framleiðslumynstri. Þetta krefst:
- að stuðlað verði að samþættri vörustefnu í áætluninni í heild sinni, þar sem hvatt er til þess að tekið verði tillit til umhverfiskrafna á endingartíma framleiðsluvaranna, og að aukinni notkun umhverfisvænna ferla og framleiðsluvara,
  - að hvatt verði til viðtækari upptöku á umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) <sup>(1)</sup> og að þróað verði framtaksverkefni til að hvetja fyrirtæki til að birta nákvæmar skýrslur um árangur í umhverfismálum eða sjálfbærri þróun sem sannprófaðar eru af óháðum sérfræðingum,
  - að komið verði á áætlun um að aðstoða fyrirtæki við að fara að löggjöfinni, þar sem litlum og meðalstórum fyrirtækjum verður veitt sérstök aðstoð,
  - að greitt verði fyrir innleiðingu kerfis viðurkenninga fyrir árangur fyrirtækja í umhverfismálum,
  - að nýsköpun verði örvuð í þeim tilgangi að gera markaðinn umhverfisvænni, þ.m.t. með betri miðlun á niðurstöðum LIFE-áætlunarinnar <sup>(2)</sup>,
  - að hvatt verði til frjálsra skuldbindinga eða samninga til að ná fram skýrum umhverfismarkmiðum, þ.m.t. að setja fram verklagsreglur ef ákvæði eru ekki uppfyllt.
6. Tryggja að einstakir neytendur, fyrirtæki og opinberir aðilar séu betur upplýst sem kaupendur um áhrifin af vöruvinnslu og -framleiðslu á umhverfið, í því skyni að ná fram sjálfbæru neyslumynstri. Þetta krefst:
- að hvatt verði til þess að tekin verði upp umhverfismerki og annars konar umhverfisupplýsingar og merkingar sem gera neytendum kleift að bera saman umhverfisáhrif framleiðsluvara af sömu gerð,
  - að hvatt verði til notkunar traustra umhverfisupplýsinga að eigin frumkvæði og komið verði í veg fyrir villandi staðhæfingar,
  - að stuðlað verði að umhverfisvænni innkaupastefnu hins opinbera þar sem gert er kleift að taka tillit til umhverfiseiginleika og hugsanlega að fella umhverfisendingartímann, þ.m.t. framleiðslustigið, inn í innkaupafærið en virða á sama tíma samkeppnisreglur Bandalagsins og innri markaðinn, með leiðbeiningum um bestu starfsvenjur og um að hefja endurskoðun á umhverfisvænum innkaupum stofnana Bandalagsins.
7. Styðja samþættingu umhverfisins og fjármálagæirans. Þetta krefst:
- að íhuguð verði frjáls framtaksverkefni með fjármálagæiranum sem tækju til viðmiðunarreglna um upptöku gagna um umhverfiskostnað í reikningsskil fyrirtækja og miðlunar upplýsinga um bestu starfsvenjur milli aðildarríkjanna,

(<sup>1</sup>) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtið. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1).

(<sup>2</sup>) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/2000 frá 17. júlí 2000 að því er varðar fjármálastofnunina á sviði umhverfismála (LIFE) (Stjtið EB L 192, 28.7.2000, bls. 1).

— að þess verði farið á leit við Fjárfestingabanka Evrópu að hann samþætti umhverfismarkmið og umhverfissjónarmið lánveitingum sínum í auknum mæli, einkum í því skyni að styðja við sjálfbæra þróun í umsóknarlöndunum,

— að samþætting umhverfismarkmiða og umhverfissjónarmiða og starfsemi annarra fjármálastofnana, s.s. Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, verði eflð.

8. Setja á laggirnar bótaábyrgðarkerfi innan Bandalagsins. Þetta krefst m.a.:

— löggjafar um umhverfisábyrgð.

9. Bæta samtarf við neytendahópa og frjáls félagasamtök og stuðla að auknum skilningi á og þátttöku í umhverfismálum meðal evrópskra borgara. Þetta krefst:

— að aðgangur að upplýsingum, þátttaka almennings og aðgangur að réttlátri málsmeðferð verði tryggð með því að Bandalagið og aðildarríkin fullgildi Árósasamninginn <sup>(1)</sup> hið fyrsta,

— að stuðlað verði að því að veita borgurinum aðgengilegar upplýsingar um ástand umhverfisins og þróunina í umhverfismálum í tengslum við þróunina í félags- og efnahags- og heilbrigðismálum,

— að umhverfisvitund verði almennt eflð,

— að þróaðar verði almennar reglur og meginreglur um góða stjórnunarhætti í umhverfismálum með því að skiptast á skoðunum.

10. Hvetja til og stuðla að skilvirkri og sjálfbærri nýtingu og stýringu lands og sjávar þar sem tekið er tillit til umhverfissjónarmiða. Þetta krefst, á sama tíma og dreifræðisreglan er virt að fullu:

— að stuðlað verði að bestu starfsvenjum að því er varðar skipulag sjálfbærrar landnýtingar sem tekur tillit til sérstakra svæðisbundinna aðstæðna með sérstakri áherslu á áætlunina um samþætta stjórnun strandsvæða,

— að stuðlað verði að bestu starfsvenjum og stutt við net sem stuðla að gagnkvæmri miðlun reynslu um sjálfbæra þróun, þ.m.t. um þéttbýlissvæði, hafið, strandlengjuna, fjalllendi, votlendi og önnur viðkvæm svæði,

— að umhverfisráðstöfunum í landbúnaði verði beitt í auknum mæli, að meira fjármagni verði veitt til þeirra og vægi þeirra innan sameiginlegu landbúnaðarstefunnar verði aukið,

— að aðildarríkin verði hvött til að íhuga að beita svæðaskipulagi sem stjórnæki til að efla umhverfisvernd fyrir borgarana og að stuðlað verði að miðlun reynslu um sjálfbæra svæðisbundna þróun, einkum í borgum og þéttbýli.

4. gr.

### Þemaáætlanir

1. Aðgerðir í 5.–8. gr. skulu taka til mótunar þemaáætlana og mats á núverandi aðgerðum vegna vandamála á sviði umhverfismála sem hafa forgang og skoða verður í víðu samhengi. Í þessum áætlunum skulu tilgreindar tillögur sem nauðsynlegar eru til að ná markmiðunum sem sett eru fram í áætluninni og sú málsmeðferð sem fyrirhuguð er til að fá þær samþykktar. Leggja ber þessar áætlanir fyrir Evrópuþingið og ráðið og þær skulu, þar sem við á, vera í formi ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins sem ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans. Með fyrirvara um lagagrundvöll tillögunnar skal samþykkja lagafrumvörpin, sem unnin eru á grundvelli þessara áætlana, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans.

2. Þemaáætlanir geta tekið til aðferða eins og þeirra sem gerð er grein fyrir í 3. og 9. gr. og viðeigandi þáttbundinna og magnbundinna umhverfismarkmiða og tímaáætlana sem nota má til að veða og meta fyrirhugaðar ráðstafanir.

3. Móta skal þemaáætlanir og framkvæma þær í nánu samráði við hlutaðeigandi aðila, s.s. frjáls félagasamtök, atvinnulíf, aðra aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld en tryggja um leið, eftir því sem við á, samráð við umsóknarlöndin í þessu ferli.

4. Þemaáætlanir skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en þremur árum eftir samþykkt áætlunarinnar. Í skýrslunni þar sem framkvæmdastjórnin leggur mat á framvindu við framkvæmd áætlunarinnar um miðbik hennar skal m.a. vera endurskoðun á þemaáætlunum.

5. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu árlega skýrslu um framvindu við mótun og framkvæmd áætlana og um skilvirkni þeirra.

5. gr.

### Markmið og forgangssvið aðgerða í baráttunni við loftslagsbreytingar

1. Keppa skal að markmiðunum sem sett eru fram í 2. gr. með eftirfarandi markmiðasetningu:

— með fullgildingunni og gildistöku Kýótóbókunarinnar við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eigi síðar en árið 2002 og með því að standa við skuldbindingar samkvæmt henni um að draga úr losun um 8% eigi síðar en 2008–12, miðað við losun ársins 1990, fyrir Evrópubandalagið í heild, í samræmi við skuldbindingu hvers aðildarríkis, eins og sett er fram í niðurstöðu ráðsins frá 16. og 17. júní 1998,

— með því að ná sýnilegum árangri, fyrir árslok 2005, í því að standa við skuldbindingar Kýótóbókunarinnar,

<sup>(1)</sup> Samningur um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, Árósum, 25. júní 1998.

— með því að koma Bandalaginu í trúverðuga stöðu til að mæla með alþjóðasamningi um strangari markmið um að draga úr losun fyrir annað skuldbindingatímabilið sem kveðið er á um í Kýótóbókuninni. Samningur þessi skal stefna að því að draga umtalsvert úr losun með því að taka fullt tillit til m.a. niðurstaðna þriðju matsskýrslu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar og taka mið af nauðsyn þess að stefna að sanngjarnri skiptingu losunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

2. Keppa skal að þessum markmiðum, m.a. með eftirfarandi forgangsaðgerðum:

- i) Framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga í loftslagsmálum, þ.m.t. Kýótóbókunin, með því að:
  - a) skoða niðurstöður Evrópuáætlunarinnar um loftslagsbreytingar og samþykkja skilvirk, sameiginleg og samræmd stefnumál og ráðstafanir á grundvelli hennar, eftir því sem við á, fyrir ýmsa geira, sem viðbót við innanlandsaðgerðir í aðildarríkjunum,
  - b) vinna að því að setja fram ramma innan Bandalagsins um þróun skilvirkra viðskipta með heimildir til losunar koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) sem hugsanlega verður rýmkaðar til að ná til annarra gróðurhúsalofttegunda,
  - c) bæta eftirlit með gróðurhúsalofttegundum og því hvernig aðildarríkjunum miðar í að standa við skuldbindingarnar sem gerðar voru samkvæmt samningnum um innri skiptingu byrðanna (Internal Burden Sharing Agreement).
- ii) Samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í orkugeiranum með því að:
  - a) taka saman og endurskoða, eins fljótt og unnt er, styrki sem vinna gegn skilvirkri og sjálfbærri orkunýtingu, í því skyni að leggja þá niður í áföngum,
  - b) hvetja til notkunar endurnýjanlegs eldsneytis og jarðefnaeldsneytis með lægra kolefnainnihald til orkuframleiðslu,
  - c) hvetja til notkunar endurnýjanlegra orkugjafa, þ.m.t. notkun hvata, m.a. á staðarvísu, í því skyni að standa við viðmiðunarmarkmiðið, sem er 12% af heildarorkunotkun, eigi síðar en árið 2010,
  - d) innleiða hvata til að auka samtengda varma- og raforkuframleiðslu og hrinda í framkvæmd ráðstöfunum sem miða að því að tvöfalda heildarhlut samtengdrar varma- og raforkuframleiðslu í Bandalaginu í heild, í 18% af heildarraforkuframleiðslu,
  - e) koma í veg fyrir og draga úr losun metans frá orkuframleiðslu og dreifingu,
  - f) stuðla að orkunýtni.
- iii) Samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í flutningageiranum með því að:
  - a) tilgreina og grípa til sértækra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugumferð ef Alþjóðaflugmálastofnunin hefur ekki samþykkt slíkar aðgerðir eigi síðar en árið 2002,
  - b) tilgreina og grípa til sértækra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá siglingum ef Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur ekki samþykkt slíkar aðgerðir eigi síðar en árið 2002,
  - c) hvetja til skipta yfir í skilvirkari og hreinni flutninga, þ.m.t. betri skipulagning og vöruferlisstjórnun,
  - d) hvetja framkvæmdastjórnina til að leggja fram orðsendingu fyrir árslok 2002 um magnbundin umhverfismarkmið fyrir sjálfbært flutningakerfi í tengslum við sértæk markmið ESB um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 8%,
  - e) tilgreina og grípa til frekari sértækra aðgerða, þ.m.t. viðeigandi löggjöf, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá vélknúnum ökutækjum, þ.m.t. nituroxíð (N<sub>2</sub>O),
  - f) stuðla að þróun og notkun annars konar eldsneytis og sparneytinna ökutækja með það að markmiði að auka verulega og stöðugt hlutdeild þeirra,
  - g) stuðla að ráðstöfunum þar sem allur umhverfiskostnaður endurspeglast í flutningskostnaðinum,
  - h) rjúfa tengslin milli hagvaxtar og eftirspurnar eftir flutningum með það að markmiði að draga úr áhrifum á umhverfið.
- iv) Samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í iðnaðarframleiðslu með því að:
  - a) stuðla að umhverfisskilvirkum starfsaðferðum og tækni í iðnaði,
  - b) þróa aðferðir til aðstoðar litlum og meðalstórum fyrirtækjum við aðlögun, nýsköpun og við að bæta árangur sinn,
  - c) hvetja til þróunar valkosta sem eru bæði vistvænni og tæknilega gerlegir, þ.m.t. að grípa til ráðstafana á vegum Bandalagsins, sem miða að því að draga úr losun, hætta framleiðslu í áföngum, þar sem því verður við komið og það talið gerlegt, og draga úr notkun flúorlofttegunda í iðnaði, HFC (vetnisflúorkolefnis), PFC (perflúorkolefnis) og SF<sub>6</sub> (brennisteins-hexaflúoríðs).
- v) Samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í öðrum geirum með því að:
  - a) stuðla að orkunýtni við hönnun bygginga, einkum í tengslum við upphitun, kælingu og heitt kranavatn,

b) taka tillit til nauðsynjar þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svo og til annarra umhverfissjónarmiða, í sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og í áætlun Bandalagsins um meðhöndlun úrgangs.

vi) Notkun annarra viðeigandi stjórnækja, s.s.:

a) stuðla að beitingu aðgerða í skattamálum, þ.m.t. tímanlegur og viðeigandi rammi Bandalagsins um skattlagningu á orku, til að hvetja til skiptingar yfir í skilvirkari orkunýtingu, hreinni orku og flutninga og til að hvetja til tækninýjunga,

b) hvetja til að gerðir verði umhverfissamningar við atvinnugreinar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,

c) tryggja að loftslagsbreytingar verði eitt helsta þemað í stefnu Bandalagsins í rannsóknum og tækniþróun og í rannsóknaráætlunum einstakra þjóða.

3. Til viðbótar við aðgerðir til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga skal Bandalagið undirbúa ráðstafanir sem miða að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga með því að:

— endurskoða stefnumál Bandalagsins, einkum þau er varða loftslagsbreytingar, svo að fjallað sé á fullnægjandi hátt um þessa aðlögun við ákvarðanir í fjárfestingum,

— hvetja til þess að gerð verði líkön og mat á loftslagi svæða, bæði til að undirbúa svæðisbundnar ráðstafanir til aðlögunar, s.s. að því er varðar stjórnun vatnsauðlinda, verndun líffræðilegrar fjölbreytni, gróðureyðingu og flóðavarnir, og til að styðja við vitundarvakningu meðal borgara og fyrirtækja.

4. Tryggja verður að tekið verði mið af loftslagsvandamum við stækkun Bandalagsins. Af þessum sökum er m.a. nauðsynlegt að grípa til eftirfarandi aðgerða með umsóknarlöndunum:

— að styðja við uppbyggingu á getu til að grípa til aðgerða innanlands svo að nota megi kerfi (mechanisms) Kýótóbókunarinnar og bæta skýrslugjöf og eftirlit með losun,

— að styðja sjálfbærari flutninga- og orkugeira,

— að tryggja að samstarf við umsóknarlöndin sé styrkt enn frekar í málefnum er varða loftslagsbreytingar.

5. Baráttan gegn loftslagsbreytingum verður óaðskiljanlegur hluti stefnu Evrópusambandsins um samskipti við önnur ríki og verður eitt forgangsmálanna í stefnu þess um sjálfbæra þróun. Af þessum sökum verða Bandalagið og aðildarríki þess að gera samstillt og samræmt átak í því skyni að:

— byggja upp getu til að aðstoða þróunarlönd og nýiðnvædd lönd, t.d. með því að hvetja til verkefna í tengslum við kerfi hreinleikaþróunar (CDM) í Kýótóbókuninni og til sameiginlegrar framkvæmdar,

— bregðast við skilgreindum þörfum fyrir miðlun tækniþekkingar,

— aðstoða við aðlögun að loftslagsbreytingum í þeim löndum er málið varðar.

6. gr.

### Markmið og forgangssvið aðgerða í þágu náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni

1. Markmiðunum, sem eru sett fram í 2. gr., skal ná með eftirfarandi markmiðasetningu:

— með því að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni til að ná þessu markmiði eigi síðar en 2010, þ.m.t. að fyrirbyggja og draga úr áhrifum framandi tegunda og arfgerða,

— með því að vernda náttúruna og líffræðilega fjölbreytni gegn skaðlegri mengun og endurheimta á viðeigandi hátt,

— með því að varðveita umhverfi sjávar, strendur og votlendissvæði, endurheimta á viðeigandi hátt og nýta á sjálfbæran hátt,

— með því að varðveita og endurheimta á viðeigandi hátt svæði með verulegt landslagsgildi, þ.m.t. ræktarland og viðkvæm svæði,

— með því að varðveita tegundir og búsvæði, með sérstakri áherslu á að fyrirbyggja skiptingu búsvæða,

— með því að efla sjálfbæra nýtingu jarðvegs, með sérstakri áherslu á að fyrirbyggja veðrun, rýrnun, mengun og gróðureyðingu.

2. Markmiðum þessum ber að ná með eftirfarandi forgangsaðgerðum, að teknu tilliti til dreifræðisreglunnar, sem byggjast á gildandi alþjóðlegum og svæðisbundnum samningum og stefnumálum og fullri framkvæmd viðeigandi löggjafar Bandalagsins. Beita skal vistkerfisnálguninni, sem var samþykkt í samningnum um líffræðilega fjölbreytni<sup>(1)</sup>, hvenær sem því verður við komið. Til þess þarf:

a) í sambandi við líffræðilega fjölbreytni

— að tryggja framkvæmd og stuðla að eftirliti með og mati á áætlun Bandalagsins um líffræðilega fjölbreytni og viðeigandi aðgerðaáætlunum, þ.m.t. með áætlun um söfnun gagna og upplýsinga, þróun viðeigandi vísa og stuðla að notkun bestu fánlegrar tækni og bestu starfsvenja í umhverfismálum,

— að stuðla að rannsóknum á líffræðilegri fjölbreytni, erfðauðlindum, vistkerfum og samspili við umsvif mannsins,

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 309, 13.12.1993, bls. 1.



- að þróa ráðstafanir til að efla sjálfbæra nýtingu, sjálfbæra framleiðslu og sjálfbærar fjárfestingar í tengslum við líffræðilega fjölbreytni,
  - að hvetja til heildstæðs mats, frekari rannsókna og samvinnu um tegundir sem eru í hættu,
  - að stuðla á hnattræna vísu að sanngjarnri og réttmætri hlutdeild í ávinningi af nýtingu erfðaauðlinda til framkvæmar 15. gr. samningsins um líffræðilega fjölbreytni er varðar aðgengi að erfðaauðlindum sem eru upprunnar í þriðju löndum,
  - að þróa ráðstafanir sem miða að því að fyrirbyggja og hafa stjórn á ágengum og framandi tegundum, þ.m.t. framandi arfgerðum,
  - að koma á fót Natura 2000-netinu og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum tæknilegum og fjárhagslegum stjórntækjum og þeim ráðstöfunum sem þarf til að það komist að fullu til framkvæmda og til verndar tegundum, utan Natura 2000-svæða, sem njóta verndar samkvæmt búsvæðatilskipuninni og fuglatilskipuninni,
  - að stuðla að útvíkkun Natura 2000-netsins til umsóknarlandanna,
- b) í sambandi við slys og hamfarir:
- að stuðla að samhfæingu innan Bandalagsins á aðgerðum aðildarríkjanna í tengslum við slys og náttúruhamfarir með því, t.d., að koma á fót neti fyrir skipti á upplýsingum um starfshætti og tæki í forvarnastarfi,
  - að móta frekari ráðstafanir til að koma megi í veg fyrir hættuna af alvarlegum slysum að því er varðar sérstaklega slys af völdum leiðslna, námuvinnslu, sjóflutninga á hættulegum efnum, svo og ráðstafanir vegna námuúrgangs,
- c) þemaáætlun um jarðvegsvernd þar sem fjallað er um að koma m.a. í veg fyrir mengun, veðrun, gróðureyðingu, hnignun lands, landtöku og vatnajarðfræðilega áhættu, að teknu tilliti til margbreytileika hinna ýmsu svæða, þ.m.t. fjöll og þurr svæði,
- d) að stuðla að sjálfbærri stjórnun námurekstrar, í því skyni að draga úr áhrifum hans á umhverfið,
- e) að stuðla að því að varðveisla og endurheimt landslagsgilda verði samþætt öðrum stefnumiðum, þ.m.t. ferðamennska, að teknu tilliti til víðeigandi alþjóðlegra gerninga,
- f) að stuðla að samþættingu sjónarmiða um líffræðilega fjölbreytni og landbúnaðarstefnunnar og hvetja til sjálfbærrar þróunar í dreifbýli og til fjölvirks og sjálfbærs landbúnaðar með því að:
- hvetja til fullrar nýtingar núverandi tækifæra sem sameiginlega landbúnaðarstefnan og önnur stefnuúrræði veita,
  - hvetja til búskapar sem tekur meiri ábyrgð á umhverfinu, þ.m.t., þar sem við á, dreifbærar framleiðsluaðferðir, samþættar búaðferðir, lífrænn búskapur og landbúnaðartengd líffræðileg fjölbreytni, í síðari endurskoðunum á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, þar sem tekið er tillit til þess að nauðsynlegt er að gæta að því að þar sé yfirveguð nálgun á fjölvirku hlutverki sveitarfélaga í dreifbýli,
- g) að stuðla að sjálfbærri nýtingu hafsins og varðveislu vistkerfa sjávar, þ.m.t. hafsbotninn, ármynni og strandsvæði, þar sem athyglinni er sérstaklega beint að stöðum sem hafa mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni, með því að:
- stuðla að aukinni samþættingu umhverfissjónarmiða og sameiginlegu fiskveiðistefnunnar í tengslum við endurskoðun hennar á árinu 2002,
  - leggja fram þemaáætlun um verndun og varðveislu umhverfis sjávar, m.a. að teknu tilliti til skilmála og skuldbindinga um framkvæmd samninga um hafið og nauðsynjar þess að draga úr losun og áhrifum sjóflutninga og annarrar starfsemi á sjó og landi,
  - stuðla að samþættri stjórnun strandsvæða,
  - stuðla frekar að verndun hafsvæða, einkum með Natura 2000-netinu, svo og með öðrum mögulegum leiðum af hálfu Bandalagsins,
- h) að hrinda í framkvæmd og móta frekar áætlanir og ráðstafanir varðandi skóglendi í samræmi við áætlun Evrópusambandsins um skóga, að teknu tilliti til dreifræðisreglunnar og sjónarmiða um líffræðilega fjölbreytni, þar á meðal:
- að bæta núverandi ráðstafanir Bandalagsins um verndun skóga og hrinda í framkvæmd sjálfbærri skógvörslu, m.a. fyrir tilstilli landsbundinna áætlaða um skóglendi, í tengslum við áætlanir um landsbyggðarþróun, með aukna áherslu á eftirlit með margháttuðu hlutverki skóga í samræmi við tilmæli sem samþykkt voru á ráðherrastefnunni um verndun skóga í Evrópu, umræðufundi Sameinuðu þjóðanna um skógrækt og í samningnum um líffræðilega fjölbreytni og á öðrum vettvangi,
  - að hvetja til skilvirkar samræmingar allra geira sem stefnan um skóga varðar, þ.m.t. einkageirinn, svo og samræmingar milli allra hagsmunaaðila sem tengjast málefnum skóga,
  - að stuðla að aukinni markaðshlutdeild viðar sem framleiddur er á sjálfbæran hátt, m.a. með því að hvetja til vottunar á sjálfbærri skógvörslu og merkingar á tengdum afurðum,
  - að halda áfram virkri þátttöku Bandalagsins og aðildarríkjanna í framkvæmd alþjóðlegra og svæðisbundinna ályktana og í umræðum og samningaviðræðum um málefni tengd skógu,

- að skoða möguleikana á því að grípa til virkra aðgerða til að koma í veg fyrir og berjast gegn viðskiptum með ólöglega höggvinnu við,
  - að hvetja til að áhrif loftslagsbreytinga á skógarnytjar verði höfð í huga,
- i) í sambandi við erfðabreyttar lífverur (GMO):

- að móta ákvæði og aðferðir varðandi áhættumat, auðkenni, merkingar og rekjanleika erfðabreyttra lífvera til að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með og stjórn á áhrifum þeirra á heilbrigði og umhverfi,
- að stefna að skjótri fullgildingunni og framkvæmd Cartagena-bókunarinnar um líföryggi og stöðja uppbyggingu regluramma í þriðju löndum, með tækni- og fjárhagsaðstoð ef þörf krefur.

#### 7. gr.

#### Markmið og forgangssvið aðgerða í þágu umhverfis, heilbrigðis og lífsgæða

1. Markmiðunum, sem eru sett fram í 2. gr., skal ná með eftirfarandi markmiðasetningu, að teknu tilliti til viðeigandi staðla, leiðbeininga og áætlana Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO):

- með bættum skilningi á hættunni sem steðjar að umhverfinu og heilbrigði manna til að grípa megi til aðgerða til að koma í veg fyrir og draga úr þessari hættu,
- með því að stuðla að meiri lífsgæðum með samþættri nálgun, með áherslu á þéttbýlissvæði,
- með því að stefna að því innan einnar kynslóðar (2020) að iðefni verði aðeins framleidd og notuð á þann hátt að þau hafi ekki umtalsverð, neikvæð áhrif á heilbrigði og umhverfi og að viðurkennt verði að þörf sé á að bæta úr núverandi skorti á þekkingu um eiginleika, notkun, förgun og váhrif iðefna,
- með því að láta koma í stað hættulegra iðefna öruggari iðefni eða annars konar tækni sem er öruggari og felst ekki í notkun iðefna, með það fyrir augum að draga úr áhættunni fyrir mann og umhverfi,
- með því að draga úr áhrifum varnarefna á heilsu manna og umhverfið og almennt að notkun á varnarefnum verði sjálfbærari, svo og að dregið verði umtalsvert úr áhættunni af varnarefnum og notkun þeirra, í samræmi við nauðsynlega verndun uppskeru. Í stað þrávirkra varnarefna eða varnarefna sem safnast upp í lífverum eða eru eitruð eða búa yfir öðrum varasömum eiginleikum komi varnarefni sem ekki eru jafn hættuleg, þar sem því verður við komið,
- með því að grunnvatn og yfirborðsvatn sé það gott að það hafi ekki í för með sér veruleg áhrif á og áhættu fyrir heilsu manna og umhverfið og tryggja að taka vatns úr vatnsauðlindum sé sjálfbær þegar til lengri tíma er litið,

- með því að bæta svo úr loftgæðum að þau leiði ekki til verulega neikvæðra áhrifa á og áhættu fyrir heilsu manna og umhverfið,

- með því að draga verulega úr fjölda þeirra sem verða reglulega fyrir áhrifum af langvarandi meðaltalshávaða, einkum frá umferð sem samkvæmt vísindarannsóknnum hefur skaðleg áhrif á heilsu manna og að næsta skref vinnunnar við tilskipunina um hávaða verði undirbúið.

2. Keppa skal að þessum markmiðum með eftirfarandi forgangsaðgerðum:

- a) með því að efla rannsóknaráætlanir og vísindalega sérfræðipækkingu í Bandalaginu og hvetja til alþjóðlegrar samþættingar landbundinna rannsóknaráætlana til að stuðla að því að markmið varðandi heilsu og umhverfi náist, og þá einkum varðandi:

- skilgreiningu og tilmæli um forgangssvið fyrir rannsóknir og aðferðir, þ.m.t. hugsanleg áhrif rafsegulmengunar á heilsufar, með sérstakri athygli á mótun og fullgildingunni annars konar aðferða við tilraunir á dýrum, einkum á sviði öryggis iðefna,

- skilgreiningu og þróun vísa um heilsufar og umhverfi,

- endurskoðun, þróun og uppfærslu núverandi heilbrigðisstaðla og viðmiðunarmarka, þ.m.t., þar sem við á, áhrif á hugsanlega áhættuhópa, t.d. börn eða gamalmenni, og samvirkni og gagnkvæm áhrif ýmissa mengunarefna,

- endurskoðun á horfum og innleiðingu viðvörunarkerfis fyrir ný eða nýtilkomin vandamál,

b) í sambandi við iðefni:

- með því að framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur verði gerðir ábyrgir fyrir því að skapa þekkingu um öll iðefni (varúðarskylda (duty of care)) og meta áhættuna af notkun þeirra, þ.m.t. í framleiðsluvörum, svo og áhættu af endurnýtingu og förgun,

- með því að þróa samfelld kerfi sem byggist á stigskiptri aðferð, sem nær ekki til iðefna sem notuð eru í mjög litlu magni, fyrir prófanir, áhættumat og áhættustjórnun nýrra og fyrirliggjandi efna með prófunaraðferðum sem draga eins og framast er kostur úr þörfinni fyrir prófanir á dýrum og þróa annars konar prófunaraðferðir,

- með því að tryggja að varasöm íðefni falli undir flýtimeðferð við áhættustýringu og að sérlega varasöm íðefni, þ.m.t. krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi efni eða efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun og efni með einkenni þrávirkra, lífrænna mengunarefna (POP), séu aðeins notuð í réttlætunlegum og vel skilgreindum tilvikum og að notkun þeirra sé leyfisskyld,
- með því að tryggja að tekið sé fullt tillit til niðurstaðna áhættumatsins fyrir íðefni á öllum sviðum löggjafar Bandalagsins þar sem íðefni eru reglufest og komast hjá tvíverknaði,
- með því að kveða á um viðmiðanir um að flokka með sérlega varasömum efnunum þau efni sem eru þrávirk, eitruð og safnast fyrir í lífverum og íðefni sem eru mjög þrávirk og safnast í miklum mæli fyrir í lífverum og fyrirhuga að bæta þekktum innkirtlatruflandi íðefnum við þegar samþykktar prófunaraðferðir og viðmiðanir hafa verið fastsettar,
- með því að tryggja að helstu ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í ljósi skilgreindra markmiða, séu mótaðar hratt til að þær geti gengið í gildi fyrir endurskoðunina á miðju tímabilinu,
- með því að tryggja aðgang almennings að upplýsingum sem ekki eru trúnaðargögn í skrá Bandalagsins um íðefni (REACH-skráin),
- c) í sambandi við varnarefni:
- með því að gildandi lagarammi<sup>(1)</sup> komi til framkvæmda að fullu og að skilvirkni hans verði endurskoðuð til að tryggja öfluga vernd, þegar honum hefur verið breytt. Endurskoðun þessi kann að fela í sér, þar sem við á, samanburðarmat og mótun málsmeðferðar innan Bandalagsins vegna veitingar leyfa til að setja á markað,
- með því að mótuð verði þemaáætlun um sjálfbæra notkun varnarefna sem fjallar um það:
- i) að draga eins og framast er kostur úr hættunni og áhættunni af notkun varnarefna fyrir heilsu og umhverfi,
- ii) að bæta eftirlit með notkun og dreifingu varnarefna,
- iii) að draga úr magni skaðlegra, virkra efna, þar á meðal með því að skipta út hættulegustu efnunum fyrir öruggari kosti, þ.m.t. efni sem ekki eru íðefni,
- iv) að hvetja til lítillar eða engrar notkunar varnarefna í ræktun, m.a. með því að efla vitund notenda, stuðla að notkun reglna um góðar starfsvenjur og stuðla
- að því að hugsanleg beiting fjármálagerninga verði hugleidd,
- v) að komið verði á gagnsæju kerfi fyrir skýrslugjöf og eftirlit með því hvernig gengur að uppfylla markmið áætlunarinnar, þ.m.t. mótun viðeigandi vísa,
- d) í sambandi við íðefni og varnarefni:
- með því að stefnt verði að skjótri fullgildingu Rotterdam-samningsins um starfsreglur um fyrirfram upplýst samþykki í tengslum við tiltekin hættuleg efni og varnarefni í alþjóðaviðskiptum og Stokkhólms-samningsins um þrávirk, lífræn efni (POP),
- með því að breyta reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 frá 23. júlí 1992 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna<sup>(2)</sup> í því skyni að færa hana til samræmis við Rotterdam-samninginn, bæta verklagsreglur hennar og bæta upplýsingaflæði til þróunarlanda,
- með því að stuðla að bættri stjórnun íðefna og varnarefna í þróunarlöndum og umsóknarlöndum, þ.m.t. förgun birgða af úreltum varnarefnum, m.a. með því að styðja við verkefni sem miða að slíkri förgun,
- með því að stuðla að alþjóðlegu átaki við að útfæra alþjóðlega áætlun um meðferð íðefna,
- e) í sambandi við sjálfbæra vatnsnotkun og mikil gæði vatns:
- með því að tryggja öfluga vernd yfirborðs- og grunnvatns, koma í veg fyrir mengun og stuðla að sjálfbærri vatnsnotkun,
- með því að vinna að því að tryggja fulla framkvæmd rammatilskipunarinnar um vatn<sup>(3)</sup> og stefna að því að vistfræðileg og efnafræðileg staða vatns sé góð og magn þess nægilegt og stefna að samfelldri og sjálfbærri stjórnun vatns,
- með því að móta aðferðir sem miða að því að stöðva sleppingu, losun og leka hættulegra forgangsefna í samræmi við ákvæði rammatilskipunarinnar um vatn,
- með því að tryggja öfluga vernd baðvatns, þ.m.t. með endurskoðun tilskipunarinnar um vötn til baða<sup>(4)</sup>,

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/49/EB (Stjtið. EBL 176, 29.6.2001, bls. 61).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 251, 29.8.1992, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2247/98 (Stjtið. EB L 282, 20.10.1998, bls. 12).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 76/160/EBE frá 8. desember 1975 um gæði vatna til baða (Stjtið. EB L 31, 5.2.1976, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- með því að tryggja samþættingu hugtaka og aðferða rammatilskipunarinnar um vatn og annarra tilskipana um verndun vatns í öðrum stefnumálum Bandalagsins,
- f) í sambandi við loftgæði skal mótun og framkvæmd ráðstafanna í 5. gr. í flutninga-, iðnaðar- og orkugeirunum vera í samræmi við og stuðla að bættum loftgæðum. Frekari fyrirhugaðar ráðstafanir eru:
  - að bæta eftirlit með og mat á loftgæðum, þ.m.t. ákoma mengunarefna, og veita almenningi upplýsingar, þ.m.t. með því að móta og nota vísa,
  - að móta þemaáætlun til að styrkja samfellda og samþætta stefnu um loftmengun sem á að ná yfir forgangsatíði fyrir frekari aðgerðir, endurskoðun og, þar sem við á, uppfærslu loftgæðastaðla og innlendra, efri marka losunar í því skyni að ná því langtímamarkmiði að fara ekki yfir hættumörk og mótun betri kerfa til að safna upplýsingum, smíða líkön og gera spár,
  - að samþykka viðeigandi ráðstafanir að því er varðar óson við yfirborð jarðar og agnir,
  - að hafa í huga loftgæði innandyra og áhrif á heilsuna, með frekari tilmælum um framtíðarráðstafanir, ef við á,
  - að hafa forystu í samningaviðræðum um Montreal-bókunina um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, og framkvæmd hennar,
  - að hafa forystu í samningaviðræðum um hreint loft í Evrópu og styrkja tengslin og samspilið við alþjóðlega ferla sem stuðla að því,
  - að móta frekar sértæka gerninga Bandalagsins til að draga úr losun frá viðeigandi upptakaflokkum,

## g) í sambandi við hávaða:

- með því að bæta við og bæta enn frekar ráðstafanir, þ.m.t. viðeigandi gerðarviðurkenningaraðferðir, vegna hávaðamengunar frá þjónustustarfsemi og framleiðsluvörum, einkum vélknúnum ökutækjum, þ.m.t. ráðstafanir til að draga úr hávaða frá samspili dekkja og yfirborðs vegar sem ekki stofna umferðaröryggi í hættu, frá jámbrautarvögnum, flugvélum og kyrstæðum vélum,
- með því að þróa og taka í notkun tæki til að draga úr umferðarhávaða ef við á, t.d. með því að draga úr eftirspurn eftir flutningum, skipta yfir í aðrar greinar flutninga, sem eru ekki jafn háværar, og stuðla að tæknilegum ráðstöfunum og sjálfbæru skipulagi flutninga,

## h) í sambandi við þéttbýli

- með því að móta þemaáætlun til að stuðla að samþættri, láréttri nálgun þvert á stefnumál Bandalagsins og til að bæta gæði þéttbýlisins, að teknu tilliti til þess árangurs sem náðst hefur við framkvæmd núverandi samvinnuramma<sup>(1)</sup> sem ber að endurskoða eftir þörfum og skal áætlunin fjalla um:
  - eflingu staðardagskrár 21,
  - að dregið verði úr sambandinu milli hagvaxtar og eftirspurnar eftir farþegaflutningum,
  - nauðsyn þess að auka hlut almenningssamgangna, jámbrautarsamgangna, skipgengra vatnaleiða, göngu og hjólreiða,
  - nauðsyn þess að taka á aukinni umferð og að rjúfa að umtalsverðu leyti tengslin milli aukinna flutninga og aukinnar vergrar landsframleiðslu,
  - nauðsyn þess að stuðla að notkun ökutækja með lítilli losun mengunarefna í almenningssamgöngum,
  - að hugað verði að vísnum sem eiga við um þéttbýli.

8. gr.

### Markmið og forgangssvið aðgerða í þágu sjálfbærrar nýtingar og stjórnunar á náttúruauðlindum og úrgangi

1. Markmiðunum, sem sett eru fram í 2. gr., skal ná með eftirfarandi markmiðasetningu:

- með því að stefnt verði að því að tryggja að notkun á auðlindum og áhrif hennar séu ekki meiri en sem nemur álagspoli umhverfisins og að því að rjúfa tengslin milli hagvaxtar og auðlindanýtingar. Í þessu samhengi er minnt á leiðbeinandi markmið um að eigi síðar en í árslok 2010 verði 22% rafmagns innan Bandalagsins framleidd með endurnýjanlegum orkulindum, í því skyni að auka verulega auðlinda- og orkunýtni,
- með því að umtalsvert verði dregið úr myndun úrgangs í heild með aðgerðum sem miða að því að koma í veg fyrir tilurð úrgangs, með betri auðlindanýtni og skiptum yfir í sjálfbærari framleiðslu- og neyslumynstur,
- með því að umtalsvert verði dregið úr því magni úrgangs sem fer til förgunar og úr magni þess hættulega úrgangs sem til fellur, en koma á sama tíma í veg fyrir aukna losun út í andrúmsloftið, í vatn og jarðveg,

(<sup>1</sup>) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1141/2001/EB frá 27. júní 2001 um rammaákvæði Bandalagsins um samvinnu sem miðar að því að stuðla að sjálfbæru þéttbýlisskipulagi (Stjtið. EB L 191, 13.7.2001, bls. 1).

— með því að hvatt verði til endurnotkunar og að dregið verði úr hættunni af þeim úrgangi sem enn myndast og að áhættan af honum verði sem minnst, endurnýting skal hafa forgang og þá einkum endurvinnsla; draga ber sem mest úr magni úrgangs sem fer til förgunar og honum skal farga á öruggan hátt; úrgangur sem ætlaður er til förgunar skal meðhöndlaður eins nálægt þeim stað þar sem hann fellur til og kostur er, að því marki sem það leiðir ekki til minni skilvirkni í meðhöndlun úrgangs.

2. Markmiðum þessum skal, að teknu tilliti til umhverfsvænu framleiðslustefnunnar og áætlunar Bandalagsins varðandi meðhöndlun úrgangs<sup>(1)</sup>, ná með eftirfarandi forgangsaðgerðum:

i) með mótun þemaáætlunar um sjálfbæra nýtingu og stjórnun auðlinda, þ.m.t. meðal annars:

- a) mat á flæði efna og úrgangs í Bandalaginu, þ.m.t. innflutningur og útflutningur með því t.d. að nota verkfæri greiningar á flæði efna,
- b) endurskoðun á skilvirkni þeirra stefnuáætlaða sem gripið er til og á áhrifum styrkja sem tengjast náttúruauðlindum og úrgangi,
- c) setning markmiða fyrir skilvirkni auðlinda og minni nýtingu auðlinda með því að rjúfa tengslin milli hagvaxtar og neikvæðra umhverfisáhrifa,
- d) efling vinnslu- og framleiðsluáferða og tækni til að hvetja til umhverfisskilvirkni og sjálfbærrar nýtingar hráefna, orku, vatns og annarra auðlinda,
- e) mótun og framkvæmd margra mismunandi gerninga, þ.m.t. rannsóknir, tæknileg yfirfærsla, markaðsleg og efnahagsleg stjórnæki, áætlanir um bestu framkvæmd og vísar um skilvirkni auðlinda,

ii) með mótun og framkvæmd ráðstafana til að draga úr tilurð úrgangs og um meðhöndlun hans, meðal annars með:

- a) mótun magnbundinna og þáttbundinna markmiða um að draga úr öllum viðeigandi úrgangi og sem skal ná í öllu Bandalaginu eigi síðar en fyrir árslok 2010. Framkvæmdastjórnin er hvött til að undirbúa tillögu að þeim markmiðum fyrir árslok 2002,
- b) hvatningu til vistfræðilega traustrar og sjálfbærrar vöruhönnunar,
- c) eflingu vitundar almennings um hugsanlegt framlag hans til að draga úr úrgangi,
- d) mótun rekstrarráðstafana til að hvetja til að komið verði í veg fyrir myndun úrgangs, t.d. með því að örva endurnotkun og endurnýtingu, að ákveðin efni verði tekin úr notkun í áföngum fyrir tilstilli ráðstafna sem tengjast vörunni sjálfri,

e) mótun frekari vísa á sviði meðhöndlunar úrgangs,

iii) með mótun þemaáætlunar um endurvinnslu úrgangs, þ.m.t. meðal annars:

- a) ráðstafanir sem miða að því að tryggja flokkun, söfnun og endurvinnslu forgangsrúrgangs,
- b) frekari mótun á ábyrgð framleiðenda,
- c) þróun og yfirfærsla á umhverfsvænni tækni við endurvinnslu og meðhöndlun úrgangs,

iv) með mótun eða endurskoðun löggjafar um úrgang, þ.m.t. meðal annars um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, skólpeðu<sup>(2)</sup>, lífbrjótanlegan úrgang, umbúðir<sup>(3)</sup>, rafhlöður<sup>(4)</sup> og úrgangsflutning<sup>(5)</sup>, nánari útlitun á muninum á úrgangi og því sem er það ekki og mótun fullnægjandi viðmiðana fyrir frekari útfærslu á viðaukum IIA og IIB við rammatilskipunina um úrgang<sup>(6)</sup>.

9. gr.

#### Markmið og forgangssvið aðgerða í alþjóðlegum málefnum

1. Markmiðið, sem sett er fram í 2. gr. um alþjóðleg málefni og alþjóðlega þætti forgangssviðanna fjögurra um umhverfismál í þessari áætlun, tekur til eftirfarandi markmiðasetningar:

— að vinna að metnaðarfullum stefnumiðum í umhverfismálum á alþjóðavettvangi þar sem sérstaklega er hugað að álagspoli umhverfisins á hnattræna vísu,

— að efla frekar sjálfbært neyslu- og framleiðslumynstur á alþjóðavettvangi,

— að ná framförum í því að tryggja að stefna og ráðstafanir í viðskiptum og umhverfismálum styðji hverjar við aðra.

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins nr. 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði (Stjtið. EB L 181, 4.7.1986, bls. 6). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10). Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/177/EB (Stjtið. EB L 56, 4.3.1999, bls. 47).

<sup>(4)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/86/EBE frá 4. október 1993 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 91/157/EBE um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni (Stjtið. EB L 264, 23.10.1993, bls. 51).

<sup>(5)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu (Stjtið. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1) Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/816/EBE (Stjtið. EB L 316, 10.12.1999, bls. 45).

<sup>(6)</sup> Tilskipun ráðsins 75/442/EBE um úrgang (Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39). Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtið. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

<sup>(1)</sup> Ályktun ráðsins frá 24. febrúar 1997 um áætlun Bandalagsins varðandi meðhöndlun úrgangs (Stjtið. EB C 76, 11.3.1997, bls. 1).

2. Markmiðasetningum þessum skal ná með eftirfarandi forgangsaðgerðum:

- a) með því að samþætta verndun umhverfisins allri utanríkisstefnu Bandalagsins, þ.m.t. viðskipti og þróunarsamvinna, til að ná fram sjálfbærri þróun m.a. með útfærslu leiðbeininga,
- b) með því að leggja fram samfellda heild sértækra markmiða á sviði umhverfismála og þróunar og hvetja til að þau verði samþykkt sem hluti „nýs hnattræns samnings eða samþykktar“ á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun árið 2002,
- c) með því að vinna að því að styrkja alþjóðlega stjórnunarhætti í umhverfismálum með því að efla marghliða samvinnu og stofnanarammann í áföngum, þ.m.t. útteiling auðlinda,
- d) með því að stefna að skjótri fullgildingun alþjóðlegra sáttmála og samninga sem tengjast umhverfismálum og Bandalagið er aðili að, að farið sé að þeim og þeim framfylgt,
- e) með því að stuðla að sjálfbærum starfsvenjum í umhverfismálum í sambandi við erlendar fjárfestingar og útflutningslán,
- f) með því að efla viðleitni á alþjóðavettvangi til að komast að samstöðu um aðferðir við að meta áhættu fyrir heilsu og umhverfi, svo og um aðferðir við áhættumat sem felur í sér varúðarregluna,
- g) með því að sjá til þess að viðskipti og þörfin fyrir verndun umhverfisins styðji hvort við annað og að tilhlýðilegt tillit verði tekið til umhverfisþáttarins þegar áhrifin af marghliða viðskiptasamningum á sjálfbæra þróun eru metin, en það á að gera snemma í samningaferlinu og með því að grípa til aðgerða í samræmi við það,
- h) með því að stuðla frekar að kerfi heimsviðskipta sem viðurkennir að öllu leyti fjölþjóða eða svæðisbundna samninga um umhverfismál og varúðarregluna og fjölga með því tækifærum fyrir viðskipti með sjálfbærar og umhverfisvænar vörur og þjónustu,
- i) með því að stuðla að samvinnu nágrannalanda og -svæða í umhverfismálum,
- j) með því að stuðla að betri samfelli í stefnumálum með því að tengja saman starf sem unnið er innan ramma mismunandi samninga, þ.m.t. mat á innri tengslum líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsbreytinga, og með samþættingu sjónarmiða líffræðilegrar fjölbreytni og framkvæmdar rammamannings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunarinnar.

10. gr.

### Stefnumótun í umhverfismálum

Markmiðunum, sem sett eru fram í 2. gr. um stefnumótun í umhverfismálum sem byggist á þátttöku og bestu tiltækri

vísindabekkingu, og stefnumótandi aðferðunum sem settar eru fram í 3. gr., skal ná með eftirfarandi forgangsaðgerðum:

- a) með mótun bættra aðferða og almennra reglna og meginreglna um góða stjórnunarhætti þar sem viðtækt samráð er haft við hagsmunaaðila á öllum stigum til að auðvelda árangursríkasta valið svo að ná megi besta árangri fyrir umhverfið og sjálfbæra þróun, með tilliti til ráðstafananna sem lagðar verða til,
- b) með því að auka þátttöku frjálsra félagasamtaka sem láta sig umhverfismál varða í samskiptaferlinu með viðeigandi stuðningi, þ.m.t. fjármögnun af hálfu Bandalagsins,
- c) með því að bæta stefnumótunarferlið með:
  - fyrirframmati á hugsanlegum áhrifum nýrrar stefnu, einkum áhrifum á umhverfið, þ.m.t. sá valkostur að gera ekki neitt, og tillagna að löggjöf, ásamt birtingu niðurstaðnanna,
  - eftirámati á skilvirkni núverandi ráðstafana í að uppfylla markmið í umhverfismálum,
- d) með því að tryggja að umhverfið, einkum forgangssviðin sem tilgreind eru í þessari áætlun, hafi forgang í rannsóknaráætlunum Bandalagsins. Regluleg endurskoðun á þörf og forgangsatridum rannsókna í umhverfismálum skal gerð innan rammaáætlunar Bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun. Tryggja ber betri samræmingu rannsókna sem tengjast umhverfinu og gerðar eru í aðildarríkjunum, m.a. til að bæta notkun niðurstaðnanna,
 

með því að koma á tengslum milli aðila sem starfa að umhverfismálum og annarra aðila á sviði upplýsinga, þjálfunar, rannsókna, menntunar og stefnumála,
- e) með því að tryggja reglulega dreifingu upplýsinga frá og með árinu 2003 sem geta orðið grundvöllur að:
  - stefnumótandi ákvörðunum um umhverfismál og sjálfbæra þróun,
  - eftirfylgni og endurskoðun áætlana um samþættingu geira, svo og áætlunarinnar um sjálfbæra þróun,
  - upplýsingum til alls almennings.

Vinnsla þessara upplýsinga mun styðjast við reglulegar skýrslur frá Umhverfisstofnun Evrópu og öðrum viðeigandi stofnunum. Upplýsingarnar skulu einkum ná yfir:

- lykilumhverfisvísa,
- vísa um ástand og stefnu í umhverfismálum,
- vísa um samþættingu,

- f) með því að endurskoða og fylgjast reglulega með upplýsinga- og tilkynningakerfum í því skyni að gera kerfið samfelldara og skilvirkara til að tryggja einfalda skýrslugjöf í háum gæðaflokki og sambærileg og viðeigandi umhverfsgögn og -upplýsingar. Framkvæmdastjórnin er hvött til að leggja fram tillögu í þessu skyni, svo fljótt sem auðið er. Fjalla skal á skilvirkan hátt um kröfur um eftirlit, gagnasöfnun og skýrslugjöf í framtíðarlöggjöf um umhverfismál,
- g) með því að efla þróun og notkun hugbúnaðar og tækja til eftirlits með jörðinni (t.d. gervitunglatækni) til stuðnings mótnun og framkvæmd stefnumála.

*11. gr.*

#### **Eftirlit og mat á árangri**

1. Á fjórða ári áætlunarinnar ber framkvæmdastjórninni að meta árangurinn sem náðst hefur við framkvæmd hennar, svo og stefnu og þróun í umhverfismálum sem henni tengjast. Þetta skal gert á grundvelli viðtæks safns vísa. Framkvæmdastjórnin

skal leggja þessa áfangaskýrslu, ásamt með þeim breytingatillögum sem hún telur viðeigandi, fyrir Evrópuþingið og ráðið.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja endanlegt mat á áætlunina og á ástand og þróun í umhverfismálum fyrir Evrópuþingið og ráðið á síðasta ári áætlunarinnar.

*12. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 22. júlí 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. S. MÖLLER

*forseti.*